

Fornleifaskráning í landi Sandgerðis **vegna nýs deiliskipulags í landi Þóroddsstaða**



Apríl 2009

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	3
SÖGULEGT YFIRLIT	4
SKRÁÐAR FORNLEIFAR	8
NIÐURSTÖÐUR	12
HEIMILDASKRÁ ÞÓRODDSTAÐA	14
PRENTAÐAR HEIMILDIR.....	14
HEIMILDARMAÐUR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU AÐ ÞÓRODDSTÖÐUM.....	14
KORT	15

INNGANGUR

Byggingarfulltrúinn í Sandgerði óskaði í nóvember 2007 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna fornleifaskráningu vegna nýrra byggingasvæða í landi Sandgerðis.

Svæðið sem hér um ræðir er í landi Þóroddsstaða, sem er eitt af nokkrum svæðum í landi Sandgerðis sem áætlað er að deiliskipuleggja. Fornleifaskráing þessi er vegna vinnu við deiliskipulag á landi Þóroddsstaða, en landið norðan við Þóroddsstaði hefur verið tekið undir golfvöll í suður frá bæjarstæði Þóroddsstaða að landi Fitja. Austurmörk svæðisins eru vestan við veg að frístundahúsaðverfi sem liggur meðfram túninu, og vesturmörk eru að sjávarkambinum.

Deiliskipulagsvinna á áðurnefndu svæði er unnin af Kannon arkitektum Laugavegi 26, Reykjavík.

Vettvangsvinna fornleifaskráningarinnar var gerð 30. október 2008.

Þessi vinna er framhald af fornleifaskráningu sem ég gerði árið 2004 fyrir Sandgerðisbæ. Að höfðu samráði við Fornleifavernd ríkisins verður þessi hluti skráningarinnar lagður fram sem framhald af fyrrnefndri fornleifaskráningu, og síðan bætast við þau svæði sem fyrirhugað er að fornleifaskrá vegna nýrra byggingarsvæða.

- Fornleifaskráningin sem gerð var árið 2004 hafði númerin 1-51 í landi Sandgerðis. Fornleifar í landi Bjaskers fengu númerin 1- 17.
- Fornleifaskráning sem gerð var 2007 í landi Sandgerðis vegna nýs deiliskipulags suður af hafnarsvæði fengu skráningar númerinn 100 - 107
- Þær fornleifar sem nú voru skráðar á Rockville svæðinu fá númerinn 108 – 128.
- Skráðar fornleifar 2008 ofan Stafnesvegar, ofan við Bæjarsker hafa númerin 129-151.
- Skráðar fornleifar í landi Bæjarskers á skráningu frá 2008 hafa númerin 152-183.
- Skráðar fornleifar í landi Þóroddsstaða 2008, hafa númerin 184-190.

Tölur í sviga eru vinnunúmer á vettvangi og eru samsvarandi númerum á meðfylgjandi myndadiski.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá VSÓ verkfræðistofu, Borgartúni 26, Reykjavík, sem er í samvinnu við Sandgerðisbæ. Allar ljósmyndir eru teknar af undirritaðri, Katrínu Gunnarsdóttur, sem einnig hefur gert allar teikningar af fornminjunum.

Myndadiskur fylgir hér með og myndirnar á honum eru númeraðar með sömu númerum og eru í sviga við hverja fornleif. Loftmynd af svæðinu fylgir einnig, og eru fornleifar merktar inn á hana með því númeri sem þær eru í þessari skrá.

Reyni Sveinssyni, Fræðasetri Sandgerðis, eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð í sambandi við fornleifaskráninguna.

SÖGULEGT YFIRLIT

Þóroddsstaðir í fornum heimildum

Í Landnámu er sagt að Ingólfur hafi gefið frændkonu sinni, Steinurði hinni gömlu, Rosmhvalnes allt að Hvassahrauni.¹

Íslensk fornrit árið 1270 greina frá rekaskiptum í Rosmhvalnesi þar er getið um rétt Þorodstader (Þóroddsstaða) til reka.²

Í Skipan Oddgeirs biskups þann 10. júní 1370 segir máldagi Hvalsneskirkju á Rosmhvalnesi að Oddgeir biskup Þorsteinsson hafi vígt kirkjuna. Þar segir að kirkjan eigi fjórðung af heimalandi því er Björn bóndi Ólafsson og kona hans Salgierdur gáfu kirkjunni til framfæris og fyrir presti og jörð fyrir hann í norðurnesjum og 12 kýr. Þá segir einnig að Þórisstaðir (Þóroddsstaðir) ásamt Flankastöðum, Sandgerði, og Uppsölum skulu leggja til tíund á ári hverju og öllum lýsistollum og öllum skyldum til kirkjunnar.³

Vitnisburðarbréf á Núpi í Dýrafirði 13. september 1418 segir að níu menn hafi vitnað um að Guðmundur Arason hafi greitt hústrú Þorgerði Ólafsdóttir þá peninga í mál hennar að henni vel ánægði og voru þau ásátt um allan sinn reikniskap. Þar á meðal er sögð vera jörðin Þorersstader (Þóroddsstaðir).⁴

Í Guðmundarannál 1428 er ártalið 1418 dregið í efa og talið að það eigi að vera 1428.⁵

Í Svalbarðsbréfi á Þingvelli árið 1495 segir að Loftur Þorkelsson hafi selt Magnúsi Þorkelssyni fjórðunginn úr jörðinni Svalbarði á Svalbarðsströnd fyrir níu hundruð í lausafé, og hafi kaupin farið fram á Þórisstöðum (Þóroddsstöðum) í Rosmhvalnesi.⁶

Í Þóroddsstaðabréfi á Straumi 1516 segir að Þuríður Þórðardóttir og Birgir sonur hennar handleggi Hannesi Eggertssyni til fullrar eignar fimmtán hundruð og fjörutíu álnir í jörðinni Þóroddsstöðum Rosthvalnesi í þá peninga sem honum voru dæmdir á vorþingi.⁷

Í Býjaskersbréfi og Þórisstaðabréfi í Viðey 10. apríl 1517 segir að Ögmundur ábóti í Viðey fái Hannesi Eggertssyni til fullrar eignar jarðirnar Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði fyrir jarðirnar, Býjasker og Þórisstaði (Þóroddsstaði) á Rosmhvalnes eða Hrosshvalnes.⁸

Í Fógetareikningum 1547 - 1548, 1548 - 1549, 1549 – 1550, 1550 og 1552 eru tilgreind leigukjör að Tuorestedom (Þóroddsstöðum) talið í vættum fiska.⁹

¹ *Landnáma I. bindi*, síðari hluti. 1965, 392

² Íslenzkt fornbréfasafn II bls. 77

³ Íslenzkt fornbréfasafn III bls. 256

⁴ Íslenzkt fornbréfasafn IV bls. 265

⁵ Íslenzkt fornbréfasafn VI bls. 42

⁶ Íslenzkt fornbréfasafn VII bls. 272

⁷ Íslenzkt fornbréfasafn VIII bls. 584 - 585

⁸ Íslenzkt fornbréfasafn VIII bls. 608 - 609

⁹ Íslenzkt fornbréfasafn XII bls. 116, 142, 157, 176 og 403

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir um Þóroddsstaði:
Jarðardýrleiki er óviss því jörðin tíundast engum.
Eigandi er hans hátign kónungurinn.
Ábúandinn er Þorsteinn Ásmundsson.
Landskuld eru 50+50 álnir. Greiðist með fimm vættum fisks til kaupstaðs að Básendum.
Við (timbur) til viðhalds húsa leggur ábúandinn til.
Leigukúgildi eru tvö. Leigan greiðst með fiski til kaupstaðarins. Umboðsmaður jarðar leigunnar sér um að uppyngja kúgildin.
Kvaðir eru á ábúandanum að lána mann á vertíð, einnig til minni ferðalaga á sjó eða landi, hvenær sem á þarf að halda.
Bústofninn eru fimm kýr, ein kvíga vetrargömul, sjö ær, tvær gimbrar veturgamlar, einn sauður vetargamall, einn sauður tveggja vetra, fimm lömb og tveir hestar.
Af heyinu er hægt að fódra þrjár kýr og eitt ungnaut.
Heimilismenn eru 11.
Skógur til kolagerðar er tekinn úr almenningnum.
Torfrista og stunga léleg vegna grjóts og sendins jarðvegs.
Lyngrif mjög lítið.
Fjöruþang til eldiviðar hjálplegt.
Fjörugrasatekja nokkur.
Sölvafjara nægjanleg.
Hrognkelsafjara nokkur.
Murukjarnar nema af reka á útmánuðum.
Skipastöðu og skipauppsáttur hefur jörðin til langframa og án endurgjalds fengið til afnota hjá Kirkjubólssandi og þaðan fara bátar ábúandans á Þórustöðum eftir hentugleika, Þar hefur einnig frá sömu vör verið áttæringur, sem er bátur konungsins, en hásetar á honum hafa verið til húsa á Þórustöðum, endurgjaldslaust að boði umboðsmannsins.
Ábúandinn tekur ekki neina aðra báta í það skipauppsátur. En vergögn notar hann á sínu leigulandi.
Stórtjón verður á tünnum jarðainnar vegna sandfoks. Veldur það bæði kostnaði og erfiði fyrir ábúandann, sem verður að bera allan kostnað af að moka sandinum í burtu án þess að valda skaða á landinu.
Engjar er engar.
Úthagar í lakara lagi bæði sumar og vetur.
Vatnsból er eru mjög lítil, og á sumrum þarf að vatna bústofni á annari jörð.

Hjáleigur

Þórustaðakot hjáleiga heima við bæinn.
Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn er Vigfús Jónsson.
Landskuld 1 álnir greiðist með tveimur vættum fisks í kaupstað í reikning heimabóndans.
Heimabóndinn leggur til við (timbur) til húsaveiðgerða.
Kúgildi er eitt, Leigur greiðist í fiski til heimabóndans sem einnig uppyngir kúgildin.
Kvaðir eru um lán á manni allt árið.
Bústofninn er ein kýr, eitt hross.
Helmingur fódurs fyrir eina kú.
Heimilsismenn eru sex.
Eldiviðartaka hefur heimamaðurinn nægilega af fjöruþangi.

Þórustaðakot annað, önnur hjáleiga.
Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn er Stephan Guðmundsson.
Landskuld 50 álnir greiðist með tveimur vættum fisks í kaupstað eða til heimabóndans.
Heimabóndinn leggur til við (timbur) til húsaveiðgerða.
Kúgildi er eitt. Leigur greiðist í fiski eða smjöri til heimabóndans sem einnig uppyngir kúgildin.
Kvaðir eru um lán á manni allt árið.
Bústofninn er ein kýr.
Hellingur fódurs fyrir eina kú.
Heimilismenn eru fjórir
Eldiviðartaka hefur hjáleigumaðurinn eftir þörfum af fjöruþangi.¹⁰

Í Jarðatali Johnsens frá 1847, fær jörðin númerið 72, er heitið Þórustaðir og í sveiga (Þóroddstaðir), segir jörðina í bændaeign, dýrleiki sé 16 ^{2/3}, landskuld 0.60, kúgildi, ábúandi einn leiguliði. Í skýringum segir að sýslumaður einn segi jörð þessa um tíma í eyði.¹¹

Í bókinni Frá Suðurnesjum 1960 - Leiðir, lendingar og örnefni á Miðnesi. segir m.a.:
“Kirkjubólshvefingar hafa jafnan sótt sjó með búskapnum og hafa þar verið margir ágætir sjómenn. En vegna langræðis á vertíðarslóðir Miðnesinga og að brimasamt mjög er út af hverfinu hafa þeir mest sótt sjávarafli sinn í Garðssjó með lóð á haustin, en þorsket á vertíðum. Eining handfæri á öllum árstímum eftir að ástæðum, og hafa haft uppsátur mest í Út-Garði. Þá var meðal annars lendingarstaður við Hafurbjarnarstöi, nyrzta bæ í hverfinu, en aðeins um sumartíma. Þá var einnig lending við Þóroddsstaði, syðsta bæ í hverfinu, var þar lent í sandviki niður af bænum norðan við svonefndar Svörtu klappir. Engin sjávarhús eru þar sýnileg eða önnur vergögn”.¹²

Örnefnaskrá segir einning frá lendingunni norðan við svonefndar Svörtu klappir. Þar segir einning að engin nöfn séu í túninu.¹³

¹⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók, þriðja bindi. bls. 66-67.

¹¹ J. Johnsen 1847, Jarðatal bls. 87.

¹² Magnús Þórarinnsson 1960. Frá Suðurnesjum bls. 105,107.

¹³ Örnefnastofnun, Þórustaðir 1978, 1.

Náttúrufar og jarðabætur

Það kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, að stórtjón verður á tünun jarðainnar vegna sandfoks. Veldur það bæði kostnaði og erfiði fyrir ábúandann, sem verður að bera allan kostnað af að moka sandinn í burtu án þess að valda skaða á landinu.¹⁴

Í texta á Túnakorti frá 1919 segir að í Kirkjubólshvelfri sé túnin mest öll slétt af sandi. Hvítur foksandur sé við flest alla bæina og undir túngörðum utan og innan.

Jörðin Þóroddsstaðir er innan marka Kirkjubólshverfis.

Á Þóroddstöðum segir að tún séu 4.5 teigar og Kálgarðar 1470 m².¹⁵

Í bókinni Frá Suðurnesjum - Leiðir, lendingar og örnefni á Miðnesi, segir meðal annars:

“Kirkjubólshverfi er nyrzta byggð á Miðnesi fram undir síðustu aldamót, en þá fór að byggjast einstaka býli á Skaganum. Strandlengjan mestöll frá Skagatá suður að Klapparhverfi er í sjávamáli þakin þykkum hvítum skeljasandi. Hefur sandur þessi fokið mjög upp á túnin og spillt grasrót svo að illbyggilegt mátt heita, þar til á síðustu árum að útlendur áburður og betri viðleitni hefur gjört byltingu á grasvexti á þessum slóðum.”¹⁶

Að sögn heimildarmanns var túnið suður af Þóroddstöðum sléttað um eða upp úr 1985.

¹⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók, þriðja bindi, bls. 67.

¹⁵ Þjóðskjalasafn Íslands, Túnakort frá 1919, Þóroddsstaðir.

¹⁶ Magnús Þórarinnsson 1960. Frá Suðurnesjum bls. 105

SKRÁÐAR FORNLEIFAR

Þóroddsstaðir

184

(258)



Horft í norður að bæjarstæðinu.

- Sérheiti:** Þóroddsstaðir/Þórustaðir
Hlutverk: Bæjarhóll.
Tegund: Bústaður.
Staðsetning: N:64°03.748 V: 22°42.376
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar., almennt jarðrask
Staðhættir: Húsið sem stendur þarna í dag er við endann á vegslóðanum sem liggur í vestur frá veginum frá Sangerði í Garð.
Lýsing: Þarna stendur nú uppsteipt íbúðarhús og útihús.
Aðrar upplýsingar: Samkvæmt túnakorti frá 1919 er matjurtagarður fast sunnan við bæjarhús Þóroddstaða. Sunnan við núverandi byggingar bæjarhúsa Þóroddsstað er nú bílastæði og afgirtur garðblettur heim við húsið.
Heimild: Túnakort 1919



horf til norðurs yfir Nátthagann.

- Sérheiti:** Nátthagi
Hlutverk: Nátthagi.
Tegund: Heimild.
Staðsetning: N: 64°03.706 V: 22°42.261
Ástand: Horfið.
Hættumat: Lítil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Nátthaginn hefur verið frá norðausturhorni túnsléttu sem er í suður frá vegslóðanum að Þóroddstöðum.
Lýsing: Þarna hafa tún verið sléttuð.
Aðrar upplýsingar:
Heimild: Viðtal við Reyni Sveinsson í nóvember 2008.

- Sérheiti:** Matjurtagarður.
Hlutverk: Matjurtagarður.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 64.03.705 V: 22°42.301
Ástand: Lélegt.
Hættumat: Lítil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 70 m frá bæjarstæði Þóroddsstaða í suðaustur í túninu sunnan við vegslóðann heim að bænum.
Lýsing: Óljóst má sjá L-laga grasivaxinn kant sem liggur í túninu, um 6 m langan suður-norður, og 4-5 m austur-vestur, um 1-2 m á breidd og hleðsluhæð um 0.30 m.
Aðrar upplýsingar: Þarna hefur verið sléttað.
Heimild: Túnakort 1919.

187

(261)

Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Heimild.
Staðsetning: N: 64°03.673 V: 22°42.379
Ástand: Horfið.
Hættumat: Nokkur hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 80 m í suðvestur frá bæjarstæði Þóroddsstaða í túninu.
Lýsing: Túnið hefur verið sléttað
Aðrar upplýsingar: Vegna þess að þarna í túninu hefur staðið einhver bygging má vera að undir sverðinum leynist hleðslur.
Heimild: Túnakort 1919.

188

(262)

Hlutverk: Óþekkt.
Tegund: Heimild.
Staðsetning: N: 64°03.748 V: 22°42.502
Ástand: Horfið.
Hættumat: Lítil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 100 m í suðvestur frá íbúðarhúsi Þóroddsstaða út við sjávarkambinn í fjörusteinahalla að heimatúninu.
Lýsing: Þarna er nú svæði með fjörusteinum.
Heimild: Túnakort 1919.

189

(263)



Horf í norður yfir brunnstæðið, sem er fremst á myndinni.

Hlutverk: Brunnur.
Tegund: Heimild.
Staðsetning: N: 64°03.724 V: 22°42.463
Ástand: Horfið.
Hættumat: Nokkur hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 50 m í suður frá íbúðarhúsinu á Þóroddsstöðum á smá hóldragi í túninu sem er sína og/eða óslegið.
Lýsing: Ekki hægt að greina nokkrar hleðslur vegna sínu og grasvaxtar.
Aðrar upplýsingar: Hugsangleg eru þarna hleðslur brunnsins í sinunni.
Heimild: Túnakort 1919.

190

(258)



Horft eftir túngarðinum í norðvestur.

Sérheiti:
Hlutverk: Túngarður.
Tegund: Hleðsla.
Staðsetning: N: 64°03.742 V: 22°42.242
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Ábúð/nýbyggingar
Staðhættir: Norðan við vegslóðann sem liggur heim að Þóroddsstöðum.
Lýsing: Garðurinn er grjóthlaðinn um 32, m langur og um 1.60 m á hæð, en lækkar til endanna. Steinastærð 0.25-0.50 m, garðurinn liggur austur-vestur.

NIDURSTÖÐUR

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar- sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til”. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Númer í sviga í eftirfarandi texta vísa til númers í fornleifaskráningunni.

Nafnið á jörðinni hefur tekið breytingum sem má rekja í gegnum þær skriflegu heimildir sem fyrir liggja, en 1270 er nafnið Þorodzstader, 1370 er það Þoristader, 1418 Þorersstader, sama nafn kemur fyrir 1428, á Þórisstodum kemur fram 1495, nafnið Þorodzstodvm Rosthvalanesi kemur 1516, og 1517 Þoristadi, 1547 - 1548, 1548 - 1549, 1549 – 1550, 1550 og 1552 er nafnið Tuorestedom. Jarðabók 1703 segir nafnið Þorustader, og það nafn hafa hjáleigurnar tvær sem heita sama nafni Þorustadakot.

Jarðatal 1847 segir nafnið vera Þórustaðir og í sviga (Þóroddsstaðir.) Á Túnakorti frá 1919 er nafnið Þóroddsstaðir.

Örnefnaskrá 1978 segir nafnið vera Þórustaðir, og Magnús Þórainsson 1960 segir nafnið vera Þóroddsstaði.

Í Landnámu er sagt að Ingólfur hafi gefið frændkonu sinni, Steinurði hinni gömlu, Rosmhvalnes allt að Hvassahrauni. Ekki er þar sérstaklega greint frá Þóroddsstöðum, en skriflegar heimildir um sögu Þóroddsstaða ná aftur til ársins 1270 þar sem greint er frá rekaskiptum í Rosmhvalnesi og er þar getið um rétt Þorodzstader (Þóroddsstaða) til reka. Sögu Þóroddsstaða má síðan rekja í gegnum “Íslenzkt Fornbréfasafn” og þar má tengja hin ýmsu mál sem eiga sér dagsetningu og ártal og tengjast á einhvern hátt nafni Þóroddsstaða fram til ársins 1552, þar sem greint er frá leigukjörum fyrir jörðina.

Í Jarðabók frá 1703 er greinagóð lýsing á kostum og ókostum jarðinnar, ásamt þeim tveimur hjáleigum sem heyra undir hana. Einn af ókostum jarðarinnar var mikið sandfok og erfiðleikar við að hreinsa hann í burtu.

Magnús Þórainsson segir frá í bók sinni Frá Suðurnesjum að jarðir þær sem höfðu það sameiginlegt að tilheyra Kirkjubólshverfi hafi átt í miklum erfiðleikum vegna sandfoks yfir jarðir sínar sem hefði ekki lagast fyrir en erlendur áburður og betri viðleitni hafi komið til.

Þóroddsstaðir eiga sér langa sögu sem má rekja efir skriflegum heimildum, og allt rask í og við bæjarstæði/bæjarhól Þóroddsstaða. **nr. 184** á að vera undir eftirliti Fornleifaverndar ríkisins.

Samkæmt skilgreiningu Fornleifaverndar ríkisins á eftirfarandi við um bæjarhól:

Hann samanstendur af hól sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf og sorplögum, þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldraðir. Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkurra metra þykkir.

Heimild: Fornleifaskráning - Skráningarstaðlar og leiðbeiningar bls. 23-24. Fornleifavernd ríkisins 2008.

Samkæmt viðmiðunarreglum Fornleifaverndar ríkisins er ekki talið æskilegt að jarðrask sé nær friðuðum eða mikilvægum minjastað en í 20 m fjarlægð frá ytri brún viðkomandi fornleifar. Allt jarðrask í og við bæjarstæði Þóroddsstaða er þannig óheimilt nema með undagengnu leyfi, forsögn og eftirliti frá Fornleifavernd ríkisins.

Norðan við heimreiðina að Þóroddstöðum nær golfvöllurinn sem er í landi Sandhóla inn á land Þóroddsstaða. Norðan við heimreiðina er garðhleðsla **nr. 190** sem liggur í austur-vestur samhliða heimreiðinni að hluta. Garðurinn er ekki í beinni hættu nema til breikkunnar heimreiðarinnar kæmi eða nýbyggingar á svæðinu. Garðurinn er ekki merktur á Túnakort frá 1919, en eins og hann er núna er hann hluti af umhverfi golfvallarins.

Fari svo að golfvöllurinn verði stækkaður meira yfir í land Þóroddsstaða þarf að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um þá framkvæmd vegna hugsanlegra fornleifa sem væru túninu. Þó að ekki séu þar þekkt örnefni getur eitthvað leynst undir sverðinum. Það á einning við ef aðrar framkvæmdir verða í túninu suður af bæjarstæði Þóroddsstaða.

Samkvæmt viðtali við heimildarmann var svokallaður Nátthagi **nr. 185** í norðausturhorni túnsins sem er í suður frá vegslóðanum að Þóroddstöðum.

Heimildir eru frá túnakorti frá 1919 um matjurtagarð **nr. 186** og einhverskonar byggingar **nr. 187** og **nr. 188** í og við túnið, Þá er einnig heimild um brunn **nr. 189** á túnakorti sem er um 40 m suður af bæjarstæði Þóroddsstaða. Samkvæmt viðtali við heimildamann var túnið sléttað um eða upp úr 1985.

Lokaorð:

Fornleifar í landi Þóroddsstaða eru fáar sem vitað er um. Mest hætta er við bæjarstæði/bæjarhól Þóroddsstaða og gildir þar að leita þarf umsagnar Fornleifaverndar ríkisins varðandi allt jarðrask. Má telja þar allar framkvæmdir við núverandi umhverfi íbúðarhússins sem þar stendur í dag, en þar hafa verið gerð bílastæði og byggðir tréþallar, hefðu þær framkvæmdir átt að vera undir eftirliti fornleifafræðings eftir fyrirsögn Fornleifaverndar ríkisins.

Við allt jarðrask í túninu sem er suður af bæjarstæðinu þarf að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins.

HEIMILDASKRÁ ÞÓRODDSTAÐA

Prentaðar heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók, þriðja bindi. bls. 66-67.

Íslenzkt fornbréfasafn II bls. 77

Íslenzkt fornbréfasafn III bls. 256

Íslenzkt fornbréfasafn IV bls. 265

Íslenzkt fornbréfasafn VI bls. 42

Íslenzkt fornbréfasafn VII bls. 272

Íslenzkt fornbréfasafn VIII bls. 584 - 585

Íslenzkt fornbréfasafn VIII bls. 608 - 609

Íslenzkt fornbréfasafn XII bls. 116, 142, 157, 176 og 403

J. Johnsen 1847, Jarðatal bls. 87.

Landnáma 1. bindi, síðari hluti. 1965, 392

Magnús Þórarinnsson 1960. Frá Suðurnesjum bls. 105, 107.

Þjóðskjalasafn Íslands, Túnakort frá 1919, Þóroddsstaðir.

Örnefnastofnun, Þórustaðir 1978, 1.

Heimildarmaður við fornleifaskráningu að Þóroddsstöðum

Reynir Sveinsson, Fræðasetri Sandgerðis (020648-4229).

KORT



184
189
188
187
186
190
185



Athas.

+ Grafretningin gamla, og nýleg hilt.
(Vísist hafa verið byggðar hafi upp á
kirkjutóftinni). Sandi okir, og þó að
mestu gróin yfir hús og gada leifar.
Bæinn hiltgjaldst flatti. Einnar er
Erlendar á Skapnesi (á) að Bust-
húsum, þangað sem nú er hann.

7 Meira ristur eru hér á litluu bála.
Telja sumir þar skulið hafa verið Eudriuar
Önnudard, er oftur gekk - þá dýgur -
aðrir þar sem nú er kirkjuból.

